

BORGARRÁÐ 7. september 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um strætógötu í Óskjuhlíð – MSS23090045

Lagt er til að strætisvagnatengingar milli Reykjavíkur og Kópavogs verði bættar með því að vestari hluti Vesturhlíðar verði lagfærður og gerður að svokallaðri strætógötu, þar sem einungis yrði heimilaður akstur strætisvagna og neyðarbifreiða. Með slíkri aðgerð væri unnt að bæta strætisvagnatengingar við Háskólann í Reykjavík og aðra starfsemi í Nauthólsvík, sem lengi hefur verið kallað eftir. Borgarstjóra er falið að hefja viðræður við Strætó bs. um málið og hefja undirbúning að viðeigandi skipulagsbreytingum.